

- 5.3 Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.
- 5.4 Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 705,00
- 5.5 Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 1 400,00
- 5.6 Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald kr. 1 400,00 fyrir, að settur sé straumur á að nýju.
- 5.7 Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafmagnsveitunnar.
- 5.8 Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun, dælingu hitaveitna og viðhaldsgjaldi götulýsingar.
- 5.9 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.
- 5.10 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 10. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 319, 28. júní 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 6. mars 1989.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, sbr. og lög nr. 6, 27. febrúar 1989, um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hefur Verðlagsstofnun heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitna er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnar, nr. 340, 5. júlí 1988.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8.0%

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 536, 4. desember 1987, með síðari breytingum.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8.0%

Iðnaðarráðuneytið, 6. mars 1989.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.